



# Náttúruverndarsamtök Íslands

## Iceland Nature Conservation Association

**Umhverfisráðherra**  
**Jóhann Páll Jóhannsson**

Reykjavík, 4. mars 2026

Á blaðamannafundi hinn 11. september sl. sagði umhverfisráðherra:

Þannig að ný ríkisstjórn tekur við erfiðu búi í loftslagsmálum og það er kominn tími á tiltekt í þessum málaflakki. Sem er nákvæmlega það sem við höfum verið að gera undanfarna mánuði. Hér í ráðuneytinu hefur farið fram mjög umfangsmikil greiningarvinna sem miðar að því að ná betur utan um stöðuna og varða leiðina áfram.

Náttúruverndarsamtök Íslands óska eftir að fá upplýsingar um hvort þessi tiltekt sé hafin og hvenær sé gert ráð fyrir að henni ljúki. Mikið liggur við enda munu frekari tafir gera ráðherra nær ómögulegt að ná tilætluðum árangri.

Ráðherra rökstuddi nauðsyn þess að taka til í loftslagsmálum með eftirfarandi:

Við erum órafjarri því að ná þeim markmiðum sem voru sett í loftslagsmálum fyrir nokkrum árum. Umgjörð loftslagsstjórnsýslu á Íslandi hefur verið veik, markmið Íslands hafa verið óskýr og aðgerðir ómarkvissar. Það hefur ríkt upplýsingaóreiða í málaflaknum, það hefur vantað pólitíska forystu í loftslagsmálum og það hefur orðið ákveðið rof á milli markmiða og yfirlýsinga annars vegar og framkvæmda og aðgerða hins vegar.

Í fyrsta lagi hefur markmið Íslands um að ná kolefnishlutleysi 2040 ekki verið útfært þótt það hafi beinlínis verið bundið í lög árið 2021. Það er ekki fyrr en nú, fjórum árum eftir að lögin voru sett, sem er komin í gang vinna við að skýra hvað kolefnishlutleysi er og hvaða viðmið eru þá lögð til grundvallar.

Í öðru lagi, þá varð það ljóst skömmu áður að ég kom inn í ráðuneytið að ólíkt því sem áður hafði verið haldið fram þá telst Ísland ekki formlega hluti af uppgjöri ESB gagnvart Parísarsamningnum. Þetta hefur skapað ákveðnar áskoranir þegar kemur að framsetningu loftslagsmarkmiða Íslands og umræðu um þau, en þetta breytir hins vegar engu um það að Ísland er í nánú samstarfi við ESB innan Evrópska efnahagssvæðisins um regluverkið sem við notum til þess að ná niður losun.

Í Evrópusamstarfinu fáum við úthlutað 41 prósent samdráttarmarkmiði í samfélagslosun fyrir 2030 miðað við 2005.<sup>1</sup> En miðað við bráðabirgðatölur ársins 2024 erum við bara búin að ná 7,9 prósentu samdrætti frá árinu 2005. Við eigum langt í land, losun í öllum bókhaldsflokkum jókst í fyrra.

---

<sup>1</sup> Aths. NÍ: Þetta hefur legið fyrir í nokkur ár. Hvað tafði aðgerðir?

Í ljósi orða ráðherra hinn 11. september 2026 skora Náttúruverndarsamtök Íslands á loftlagsráðherra að gera ærlega tiltekt í samskiptum ráðuneytisins við frjáls félagasamtök um náttúruvernd. Ella mun lítill árangur nást.

Jafnframt skorum við á ráðherra að kynna strax í hverju boðuð tiltekt í loftlagsmálum feli í sér. Tal um orkuskipti til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er falsfrétt. Líkt og ráðherra hefur bent á er mikilvægast að bílaleigufyrirtæki kaupi rafbíla.

Í umræðum á Alþingi 4. janúar sl. um munnlega skýrslu ráðherra um ETS-kerfið sagði ráðherra:

„Það er hárétt sem háttvirtur þingmaður Bergþór Ólason sagði hér rétt í þessu að [við erum heimsmeistarar þegar kemur að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa](#), ...” Hvernig getur þetta staðist í ljósi ummæla loftlagsráðherra á blaðamannafundi hinn 11. september 2026 og vitnað er til hér að ofan.

Á ársfundi Grænvangs 3. september 2025 sagði ráðherra:


Hér skulum við hafa eitt algjörlega á hreinu. Það að við höfum byggt upp grænt orkukerfi það leysir okkur ekki undan skuldbindingum í loftlagsmálum. Það réttlætir ekki að við sitjum einhvern vegin með hendur í skauti. Nei! Munum bara að Ísland er með stærsta kolefnisspor Norðurlandanna.

Við spyrjum enn. Hvar er tiltektin?

Náttúruverndarsamtökin minna einnig á fyrirspurn samtakanna til ráðherra, dags. 19. janúar sl. um *Samstarfsyfirlýsingu um hvata til að draga úr kolefnisspori íslensks sjávarútvegs*, dags. 3. júlí 2020 sjá viðhengi. Er ekkert að gerast í því máli?

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands



Árni Finnsson